

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars í máli nr. S-249/2008:

Ákærvaldið

(Ragna Bjarnadóttir fulltrúi)

gegn

Jens Hjartarsyni

(Brynjar Nielsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru útgefni af ríkissaksóknara 19. febrúar sl. á hendur Jens Hjartarsyni, Rauðavaði 17, Reykjavík, fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík, að morgni laugardagsins 3. nóvember 2007:

Umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreiðinni SO-329, undir áhrifum ávana- og fíkniefna (450 ng/ml kokaín í blóði), austur Laugateig og suður Gullteig.

Brot gegn valdstjórninni, með því að hafa, utandyra við Hraunteig 17, veist að lögreglumanninum Halldóri Valek Jóhannssyni, sem þar var að gegna skyldustarfi sínu, og tekið hann hálstaki en ákærði hafði flúið er lögreglan hugðist hafa afskipti af honum vegna ofangreinds aksturs og Halldór Valek veitt honum eftirför.

Er háttsemi ákærða samkvæmt fyrri ákærulið talin varða við 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. a, sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006 og samkvæmt síðari ákærulið við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, 82/1998 og 25/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar sbr. 101. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í nóvember 1979. Samkvæmt sakavottorði var hann fyrst dæmdur 21. ágúst 2002 til greiðslu 105.000 króna sektar fyrir ölvunarakstur og fyrir að hafa ekið án gilds ökuskírteinis. Þann 12. september 2002 var ákærða veitt ákærufrestun, skilorðsbundið í eitt ár, fyrir nytjastuld. Ákærði var 12. nóvember 2002 dæmdur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað og 20. janúar 2003 í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi í 3 ár fyrir þjófnað og nytjastuld og var þá fyrri skilorðsdómur dæmdur upp. Þá hlaut hann dóm 2. júlí 2003, 270.000 króna sekt, fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga. Ákærði hlaut 7 ára fangelsisdóm 9. desember 2003 fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga, 225. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga, og brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn frá 20. janúar 2003 var þá tekinn upp og dæmdur með. Með tveimur dómum, uppkveðnum 5. febrúar 2004 og 2. júlí sama ár, var ákærði sakfelldur fyrir þjófnað og ólögsmæta meðferð á fundnu fé. Honum var þó ekki gerð sérstök refsing vegna þeirra brota þar sem að um hegningarauka var að ræða við refsingu þá sem hann hlaut með dómnum hinn 9. desember 2003. Loks gekkst ákærði undir að greiða sektir vegna fíkniefnabrota samkvæmt tveimur lögreglustjórásáttum hinn 26. október 2004.

Ákærði hefur í máli þessu annars vegar verið sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni og hins vegar fyrir umferðarlagabrot. Með því að taka lögreglumann hálstaki, þar sem hann var við skyldustörf, hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, 82/1998 og 25/2007. Verður við ákvörðun á refsingu ákærða vegna þessa horft til þess að honum hafði áður, eða með framangreindum dómi héraðsdóms hinn 9. desember 2003, verið gert að sæta refsingu fyrir brot gegn valdstjórninni auk annarra alvarlegra ofbeldisbrota. Ber því við ákvörðun á refsingu hans að horfa til 3. mgr. 103. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 4. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal stjórnandi vélknúins ökutækis, sem brotið hefur gegn ákvæði 45. gr. a í sömu lögum, sviptur ökurétti eigi skemur en í þrjá mánuði og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og magni ávana- og fíkniefna í blóði eða þvagi ökumanns. Samkvæmt matsgerð, sem liggur frammi í málinu frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, mældist í blóði ákærða kókaín, 450 ng/ml. Verður að telja, með hliðsjón af dómvenju, að um mikið magn sé hér að ræða í skilningi ákvæðisins.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði og þykir með hliðsjón af sakaferli ákærða ekki unnt að skilorðsbinda fangelsisrefsinguna að neinu leyti. Jafnframt verður ákærða gert að greiða 140.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna en sæta ella fangelsi í 10 daga. Þá verði ákærði sviptur ökurétti í 12 mánuði frá og með uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði útlagðan kostnað vegna málsins 98.740 krónur og þóknun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 53.784 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jens Hjartarson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði 140.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja en sæti elli fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 12 mánuði frá og með uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærði greiði útlagðan kostnað vegna málsins 98.740 krónur og þóknun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 53.784 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ásgeir Magnússon

